



**324. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 24. maí 2022.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri. Valdimar Leó Friðriksson kom inn á fundinn fyrir 11. fundarlið.**

**Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Garðar Svansson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Ingi Þór Ágústsson og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Ársreikningur ÍSÍ 2022**

Inn á fundinn kom Atli Þór Jóhannsson frá PWC sem annast endurskoðun ársreiknings ÍSÍ og Steinunn Anna Í. Tómasdóttir gjaldkeri skrifstofu ÍSÍ. Atli Þór kynnti ársreikninginn og sundurliðanir. Hann fór yfir skýrslu endurskoðenda og skýrði niðurstöðu hennar. Þrjár minniháttar athugasemdir eru gerðar í skýrslunni. Unnið verður að úrbótum í samvinnu við PWC.

Rætt var um uppsetningu rekstrarreiknings ÍSÍ og hvernig hann sýnir best umfang alls reksturs sambandsins.

Samþykkt að leggja 10 milljónir króna í Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ.

Hagnaður ársins er 16 milljónir króna.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

Atli Þór og Steinunn Anna viku af fundi.

##### **2. Fjármál**

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir þriggja mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ, sem er samkvæmt áætlun.

##### **3. Upplýsingar frá skrifstofu**

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu. Hann minntist á ræðu forseta IOC og hvatti stjórnarmenn að kynna sér innihald hennar en þar er m.a. komið inn á málefni Rússa og Hvít-Rússa vegna innrásarinnar í Úkraínu.

Hann skýrði frá fundi með Sjóvá vegna Sjóvá Kvennahlaups ÍSÍ, fór yfir þing sambandsaðila sem haldin hafa verið undanfarnar vikur og ýmis mál er tengjast Afrekssjóði ÍSÍ.

Hann skýrði frá því að beðið væri frekari upplýsingar varðandi framlag ríkisins vegna afleiðinga kórónuveirufaraldursins. Framlagið hefur ekki verið greitt til ÍSÍ ennþá.

- 4. Úttekt Ólympíusamhjalparinnar**  
Framkvæmdastjóri skýrði frá bréfi Ólympíusamhjalparinnar þar sem tilkynnt er um úttekt þeirra á fjárreiðum ÍSí vegna styrkja sem ÍSí hefur hlotið frá IOC/Ólympíusamhjalpinni. Úttektin er hefðbundin og mun PWC sjá um hana fyrir hönd Ólympíusamhjalparinnar. Stefnt er að því að vinna úttektina í júnímánuði.
- 5. Skýrsla starfshóps ÍSí um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni**  
Framkvæmdastjóri skýrði frá stöðu mála og frá uppfærslum á skýrslu sem búið er að birta á heimasíðu ÍSí og einnig má finna á Teams svæði stjórnar. Verið er að leggja lokahönd á viðbragðsáætlanir og verkferla á vegum samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs.
- 6. Húsnæðismál í Íþróttamiðstöðinni**  
Gunnar Bragason fór yfir stöðu mála gagnvart samningi við UMFÍ um flutning skrifstofu þeirra í Íþróttamiðstöðina í Laugardal en stjórn UMFÍ hefur samþykkt drög að samningi þar að lútandi.
- 7. Starfsskýrslur 2022**  
Framkvæmdastjóri kynnti stöðu skila í nýja skilakerfinu. Samþykkt að virkja sambandsaðila við að innheimta þær skýrslur sem enn eru í vanskilum.
- 8. Námskeið – Alþjóða Ólympíuakademían í Grikklandi**  
Samþykkt að senda þau Sigurð Má Atlason og Elínu Láru Reynisdóttur sem fulltrúa ÍSí á árlegt námskeið Alþjóða Ólympíuakademíunnar í Ólympíu í Grikklandi, skv. tillögu þróunar- og fræðsluviðs ÍSí.
- 9. Erindi frá nefndasviði Alþingis**  
Framkvæmdastjóri kynnti tvö mál sem ÍSí hefur borist til umsagnar frá nefndasviði Alþingis og eru upplýsingar um þau aðgengilegar á Teams svæði stjórnar:
  - Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 592. mál
  - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, nr. 452019, 581. mál.
- 10. Fundargerðir**  
Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:
  - 1. fundur Verkefnasjóðs ÍSí frá 24. maí sl. **Tillögur að styrkveitingum samþykktar, sjá fundargerð.**
  - Fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSí frá 19. maí sl.
- 11. Viðburðir framundan**  
Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið. Forseti og framkvæmdastjóri sækja ársþing GSSE á Möltu í byrjun júní, ásamt Líneyju Rut Halldórsdóttur ráðgjafa sem sækir fundinn af hálfu EOC.

Árสปing EOC sækja 1. varaforseti og framkvæmdastjóri. Líney Rut verður einnig á þinginu sem stjórnarmaður EOC og formaður EOC EYOF Commission.

Árสปing ENGSO sem haldinn verður í Færeyjum í lok maí sækja Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Ragnhildur Skúladóttir.

Heimsráðstefnu TAFISA og aðalfund samtakanna í Portoroz í Slóveníu í júní sækja Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Linda Laufdal.

**12. Önnur mál**

*Sjálfboðaliði ársins*

Rætt um hugmynd að verkefni um Sjálfboðaliða ársins skv. minnisblaði sem lá fyrir fundinum.

Hörður Þorsteinsson sagði frá sambærilegu verkefni innan golfhreyfingarinnar.

**13. Stefnumótun og skipulagsmál ÍSÍ**

Einar Þór Bjarnason ráðgjafi mætti á fundinn og kynnti, ásamt framkvæmdastjóra, þá vinnu sem átt hefur sér stað frá vinnufundi stjórnar þann 11. maí sl.

Töluverð umræða varð um framtíðarsýn ÍSÍ og þau gildi sem sambandið gæti gert að sínum. Stjórn samþykkti framlagða sýn og tillögu að nýju skipulagi á skrifstofu ÍSÍ.

Samþykkt að láta prófarkalesa það efni sem framkvæmdastjórn hefur samþykkt, til að tryggja góða framsetningu og orðalag fyrir kynningar út á við.

Rætt um framtíð skrifstofu ÍSÍ á Akureyri, með hliðsjón af skipulagsbreytingum. Framkvæmdastjóra falið að skoða alla fleti málsins.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir trúnaði fundarins um þær tillögur sem samþykktar voru varðandi framtíðarsýn og gildi ÍSÍ, þar til hann hefur kynnt áformin fyrir starfsfólki ÍSÍ.

**14. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn á Ólympíudeginum, 23. júní nk. kl. 16:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Andri Stefánsson fundarritari.